

# Cittaslow í Djúpavogsskóla

Cittaslow greinanámskrá Djúpavogsskóla byggir á 72 viðmiðum Cittaslow hreyfingarinnar sem skiptast í 7 flokka. Greinanámskráin aðlagar þessi viðmið að skólalastarfinu og eru metanleg hæfniviðmið unnin út frá flokkunarkerfi Blooms. Athugið að námskráin er lifandi skjal sem þróast í takt við skólalastarfið.

Orku og umhverfismál		
Hvers vegna (metanleg hæfniviðmið)	Hvernig	Hvað
Áttar sig á mikilvægi umhverfismála og þekkir sáttmála sem samfélög heims hafa gert um umhverfismál. Getur skapað sinn eigin umhverfissáttmála.	Efla ábyrgð nemenda í umhverfismálum - allir eiga sinn eigin Parísarsáttmála. Unnið út frá aldri og þroska nemenda.	Parísarsáttmáli
Þekkir flokkun mismunandi efna, sinnir endurvinnslu og gerir sér grein fyrir mikilvægi hennar.	Fræða um flokkun mismunandi efna, endurvinnslu og virkja nemendur/starfsfólk í flokkun. Minnka sóun og auka endurnýtingu - pappírs, plast og annars, eins og mögulegt er.	Flokkun úrgangs
Þekkir helstu atriði um lífríki sjávar, t.d. mikilvægi hafsins sem hluti af hringrás lífríkisins og ein stærsta auðlind jarðar og getur gert grein fyrir áhrifum mengunar á hafið.	Vekja athygli á fjölbreytileika lífríkisins á svæðinu. Kenna um lífríki sjávar og mikilvægi þess að hætta að menga hafið (t.d. fiskurinn sem þorpið byggir meira eða minna á)	Lífríki
Getur útskýrt mikilvægi loftgæða, áhrif loftmengunar á loftgæði og samspil loftmengunar og kolefnisspora.	Opna augu nemenda fyrir mengun sem farartæki valda, svosem bílar, flugvélar og skip og valda auk hávaða- og sjónmengunar. Útskýra tengsl farartækja og kolefnisspora.	Loftgæði
Áttar sig á vatni sem auðlind og leggur sig fram við að vernda það. Veit hvar vatnsból Djúpavogsbúa er staðsett, hvernig vatnsbólum í dreifbýli er háttað og mikilvægi gæði drykkjarvatns	Að nemendum sé gert ljóst hve heppnir Íslendingar eru að geta drukkið ómengað vatn úr krananum og út í náttúrunni og hve heppin við erum að þurfa ekki að kaupa vatn. Verndun vatns - nemendur temji sér þá venju að láta ekki vatn renna að óþörfu. Fræða nemendur um hvar vatnsból Djúpavogs er, hvernig vatnsból eru í sveitum, reglur um gæði vatnsuppspretta og ómengað vatn í ám og vatnsfarvegum.	Vatn

## Cittaslow í Djúpavogsskóla

Veit hvernig ljósmengun virkar og hvaða áhrif hún hefur þegar skoða á næturhimininn.	Fræðsla um ljósmengun og áhrif hennar - T.d. hvað hún hefur að segja um hve vel við getum greint næturhimininn	Ljósmengun
Veit hvað ljóstillífun er og hversu mikilvæg hún er fyrir allar lífverur.	Fræðsla um ljóstillífun og mikilvægi hennar fyrir allar lífandi verur.	Ljóstillífun
Þekkir mismunandi orkugjafa og getur lýst kostum þeirra og göllum. Veit muninn á umhverfisvænum og óumhverfisvænum orkugjöfum	Fræðsla um mismunandi orkugjafa og mikilvægi hóflegar notkun þeirra. Leggja áherslu á muninn á umhverfisvænum og óumhverfisvænum orkugjöfum.	Orkugjafar
Veit hvað hljóðmengun er og hvaða áhrif hún getur haft, bæði líkamleg og andleg.	Fræða nemendur um hljóðmengun og hvaða áhrif hún getur haft, bæði andleg og líkamleg	Hljóðmengun
Leggur sig fram við að draga úr matarsóun og gerir sér grein fyrir ábyrgð sinni í þeim efnun.	Moltugerð sé starfrækt við skólann. Nemendum sé kennt að vinna moltu og þeir fræddir um hvernig má auðga jarðveg með henni t.d. til ræktunar. Leggja áherslu á ábyrgð hvers og eins	Sjálfbærni
Þekkir veðurstöðvar í Djúpavogshrepp og veit hvar þær eru staðsettar, hvernig þær virka og til hvers þær eru notaðar.	Veðurmælingar - nemendur kynnist mælitækjum Veðurstofunnar í Djúpavogshreppi (Teigarhorn, Papey, Hvalnes) Nemendur á yngsta stigi læri að skrá veður og átta sig á veðurspá.	Veðurfar
Getur lýst með eigin orðum rafsegulsviði sem stafar frá raftækjum, s.s. gsm sínum, útvörpum, háspennulínunum o.sv.frv.	Gera nemendur meðvitaða um rafsegulsvið sem stafar frá raftækjum, s.s. gsm sínum, útvörpum, háspennulínunum.	Rafsegulsvið
Getur útskýrt með eigin orðum hvað það þýðir að vera skóli á grænni grein.	Skólinn sé þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og nemendur taki þátt í reglubundnu eftirliti	Grænfáni

# Cittaslow í Djúpavogsskóla

Innviðir samfélagsins		
Hvers vegna	Hvernig	Hvað
Skýrir kosti þess að nýta eigin orku við að komast til og/eða frá skólanum og nýtir hjólastæði skólans þegar við á.	Nemendur hafi aðgang að hjólastæðum í hjólagrind og nýti það. Gangi vel um hjólastæðin. Nemendum og starfsfólki sé uppálagt að nota eigin orkugjafa – göngum/hjólum í skólann	Orkugjafi
Þekkir og getur útskýrt með eigin orðum muninn á erfðabreyttum hráefnum og lífrænt ræktuðum.  Getur ræktað matvæli frá fræi (t.d. papriku) og útskýrt með eigin orðum það ferli sem á sér stað frá því að fræi er sáð þar til plantan ber ávöxt.  Getur borið saman kosti og galla framleiðslu matvæla sem unnin eru af stórum fyrirtækjum fjarri heimabyggð og matvælum sem unnin eru í heimabyggð. - Tvö viðmið?	Fræðsla um ræktun og mikilvægi ræktunar. Nemendur fái tækifæri til að rækta eigin mat. - Matur á ekki að vera ódýr. Fræða um erfðabreytt hráefni og um hvað stór fyrirtæki geta gert við smábændur og þá þróun sem þarf að afstýra ("we feed the planet").	Sjálfbærni
Getur nefnd dæmi um hvernig jafnrétti er háttáð í skólanum með áherslu á jafnrétti kynjanna og nemenda af ólíkum uppruna.	Jafnrétti ríki innan skólans, jafnt milli starfsfólks og nemenda. Áhersla og kennsla um jafnrétti kynjanna og ólíkra kynþátta.	
Þekkir og getur útskýrt með eigin orðum hvernig sveitarstjórn virkar og hvernig lýðræðisleg vinnubrögð endurspeglast í starfi hennar, t.d. meðferð erinda, kosningar osvfrv. Tekur þátt í skuggakosningum.	Nemendur geri sér grein fyrir starfsemi sveitarstjórna og að þeir geti/jafnt sem fullorðnir komið skoðunum sínum á framfæri til bóta/breytinga í sveitarfélaginu.	Samfélag

Gæði umhverfis		
Hvers vegna	Hvernig	Hvað
Áttar sig á mikilvægi þess að viðhalda og varðveita söguleg svæði í nærsamfélaginu og umgangast þau af virðingu.	Kenna nemendum um mikilvægi þess að viðhalda og varðveita söguleg svæði, byggingar og gripi sem hafa	Saga

## Cittaslow í Djúpavogsskóla

Getur nefnd dæmi um söguleg svæði, byggingar og gripi sem hafa menningarlegt og svæðisbundið gildi.	menningarlegt og svæðisbundið gildi og umgangast þau af virðingu.	
Getur borið saman Djúpavog fyrr og nú með tilliti til breytinga á náttúrunni og hvernig maðurinn hefur sett svip sinn á bæjarstæðið.	Opna augu nemenda fyrir gæðum umhverfis, s.s. fegurð svæðisins og þorpsins, aðgengi að náttúru en einnig því sem stingur í stúf við umhverfið.	Umhverfi
Getur borið saman mismunandi svæði á Djúpavogi út frá notagildi þeirra/notkunarmöguleikum þeirra.		
Getur útskýrt með eigin orðum hvað felst í umhverfisvænum arkitektúr og nefnt dæmi um kosti þess.	Fræða nemendur um umhverfisvænan arkitektúr og vinna verkefni út frá því.	Arkitektúr Umhverfisvernd
Getur borið saman mismunandi notagildi svæðis út frá aðalskipulagi sveitarfélagsins og skapar sitt eigið sveitarfélag út frá núverandi aðalskipulagi.	Fræða nemendur um deiliskipulag og aðalskipulag svæðisins (á því erfiðleikastigi sem hæfir hverjum aldursflokki). T.d. hús geta ekki verið hvar sem er, vatnslagnir, klóak, verndarsvæði í byggð. Tilgangurinn að svæðið sé eftirsóknarvert til búsetu, heimsóknna og starfs.	Skipulag byggðar
Getur skilgreint gróðurvernd í nærumhverfi og lagt fram hugmyndir um hvernig má vernda og græða gróðurskemmdir.	Vekja ábyrgðarkennd hjá nemendum á gróðurvernd í nærumhverfinu s.s. skólalóð og fá þau til að koma með hugmyndir að leiðum til að vernda og græða upp gróðurskemmdir.	Umhverfisvernd
Ber virðingu fyrir náttúrunni og getur útskýrt af hverju nauðsynlegt er að nýta t.d. stíga með tilliti til gróðurvernd.	Kennsla í stíganotkun til að forðast óþarfa átroðning og skemmdir á viðkvæmri náttúru (t.d. á skólalóð og nærumhverfinu).	Umhverfisvernd

### Landbúnaður, ferðamál og handverksiðn

Hvers vegna	Hvernig	Hvað
Þekkir þá framleiðendur sem hér starfa og kynnt fyrir öðrum hverjir þeir eru og hvað þeir framleiða.	Nemendur fá tækifæri til samstarfs við framleiðendur innan sveitarfélagsins. Nemendur kynni sér og skrái vörur (matvara/fatnaður/handverk o.fl.) sem framleiddar eru á svæðinu og framleiðendum sem búa hér og kynni fyrir öðrum.	Framleiðsla
Áttar sig á uppruna matvæla, kolefnisspor þeirra og getur rökstutt af hverju það er mikilvægt að gera staðbundinni framleiðslunni hátt undir höfði.	Fræðsla um staðbundna framleiðslu - nemendur læri um kolefnisfótspor og að vita hvaðan fæða/vörur koma (uppruni).	Kolefnisfótspor

## Cittaslow í Djúpavogsskóla

Getur staðið frammi fyrir áhorfendum og sagt frá staðbundinni menningu með eigin orðum.	Viðburðir sem þjálfar nemendur í að kynna staðbundna menningu	Félagslegir viðburðir
Getur borið saman næringarríkan og næringarsnauðan mat og getur lýst með eigin orðum af hverju það er mikilvægt að borða fjölbreytta fæðu.	Efla vitund starfsfólks og nemenda um góðan og næringarríkan mat	Heilbrigði
Getur flokkað mismunandi gæðavottunarkerfi og merkjum eftir tilgangi þeirra og þýðing	Nemendur séu kynntir fyrir mismundi gæðavottunarkerfum og merkjum (s.s. Svaninum).	Gæðavottun
Borið saman íslenska og erlenda matarmenningu og þekkir matarmenningu mismunandi þjóðfélagshópa sem búa á Djúpavogi.	Skapa vitund um matarhefðir jafnt hér í Djúpavogshreppi, á Íslandi sem og annarra landa	Fjölmening
Þekkir uppruna efniviðar sem notaður er í skólanum og getur lýst með eigin orðum ferlinu sem efniviðurinn fer í gegnum þar til hann kemst í hans hendur, t.d. bækur eða húsgögn.	Nemendur kynnist uppruna þess efniviðar sem unnið er með í skólanum, hvort sem um er að ræða bækur, námsgögn, húsgögn osvfrv.	Uppruni

<b>Gestrisni, vitundavakning og þjálfun</b>		
<b>Hvers vegna</b>	<b>Hvernig</b>	<b>Hvað</b>
Getur dregið saman með eigin orðum hvernig hugmyndafræði Cittaslow birtist í samfélaginu og skólanum.	Markvisst sé unnið að því að kynna hugmyndafræði Cittaslow fyrir nemendum	
Áttar sig á hugtakinu “virðing” og sýnir virðingu í verki bæði hvað varðar umgengni við umhverfi og samskipti við náungann. Ber virðingu fyrir kennurum og samnemendum og sýnir það í verki.	Nemendur og starfsmenn skóla komi fram við hvort annað af kurteisi og virðingu. Umgengni - að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi skólans, úti sem inni, og gangi vel um alla hluti. Átta sig á mikilvægi þess að eiga virðingarrík samskipti.	Samskipti Umgengni
Áttar sig á sérkennum Djúpavogs sem Cittaslow bæjar og tengingu hans við Múlaþing.	Vinna með sérkenni svæðisins t.d. lógó Múlaþings og Cittaslow. Efla einnig virðingu nemenda fyrir nágrannabyggðum t.d. með því að skoða lógóin þeirra þar sem oft má lesa út úr þeim sérkenni staðanna.	Sérkenni svæðis

# Cittaslow í Djúpavogsskóla

Samstarf		
Hvers vegna	Hvernig	Hvað
Getur borið saman mismunandi stofnanir í heimabyggð og sagt frá hlutverkum þeirra og tilgangi.	Vettvangssferðir um þorpið í samstarfi við einstaklinga og fyrirtæki þar sem skoðað er ólíkt hlutverk bygginga s.s. leikskóli, kirkja, veitingahús, heimili, heilsugæsla, skrifstofur og fyrirtæki.	Samstarf í nærumhverfi
Tekur þátt í samstarfi við mismunandi þjóðfélagshópa, svosem eldri borgara og fólk af erlendum uppruna.	Búa til vettvang fyrir nemendur að hitta ólíka þjóðfélagshópa, t.d. eldri borgara og nemendur í námi í íslensku sem annað tungumál	Fjölmening

Skólastarfið		
Hvers vegna	Hvernig	Hvað
Gerir sér grein fyrir af hverju Cittaslow hugmyndafræðin skiptir máli og getur lýst með eigin orðum	Fræða nemendur um að markmiðið með innleiðingu Cittaslow viðmiðanna sé að skapa skilyrði til að hægt sé að búa áfram á jörðinni, efla lýðheilsu og almenn lífsgæði.	Markmið
Gerir grein fyrir skoðun sinni á námi sínu og skólastarfi.	Tryggja það að nemendur gefist tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, skólastarf og geti óhræddir deilt skoðunum sínum.	Jafnrétti
Sýnir virðingu í samskiptum, hlustar þegar aðrir tala og ber virðingu fyrir skólastarfinu.	Starfsfólk jafnt sem nemendur séu vakandi fyrir því að trufla ekki kennslustundir, samverustundir og annað skólastarf með háum samræðum eða öðrum hætti.	Tillitsemi
Getur unnið með gildi skólans, Hugrekki – virðing – samvinna, og sýnir þau í verki.	Gera gildum skólans hátt undir höfði og vinna með þau á fjölbreyttan máta.	Gildi skólans
Getur sett sér markmið í samstarfi við kennara og unnið að því. Getur metið vinnu sína á fjölbreyttan máta og gerir sér grein fyrir tilgangi námsmats	Nemendur kynntir fyrir námsmati og hvers er ætlast til af þeim.	Leiðsagnarnám

# Cittaslow í Djúpavogsskóla

Við ritun hæfniviðmiða er gjarnan stuðst við stigveldi Bloom á þekkingarsviðinu og sagnorð sem þar eru notuð til að lýsa þeirri hæfni sem þjálfuð er á hverju stigi fyrir sig. Sjá töflu:

Flokkur	Á ensku	Dæmi um sagnir
Minni	Remember	Muna, þekkja, nefna, rifja upp, velja ...
Skilningur	Understand	Lýsa, umorða, þýða, skýra, umskrifa ...
Beiting	Apply	Beita, reikna, flokka, sýna, skrifa, túlka ...
Greining	Analyze	Greina, skilgreina, tengja, rökstyðja, greina á milli ...
Mat	Evaluate	Greina á milli, gagnrýna, draga saman niðurstöður ...
Sköpun	Create	Móta, semja, skapa, breyta ...

## Eftirfarandi eru Cittaslow-þættir sem áhersla er lögð á í Djúpavogsskóla.

Leggja skal áherslu á að byggja bæði kynin jafnt upp, að þau eigi jafna möguleika til allra starfa, íþróttar, menningar o.fl.	Grunnþættir menntunar - jafnrétti
Nýta þekkingu og vekja athygli á t.d. kynjafræði, hinseginfræði, fjölmeningarfræði og fötlunarfræði.	jafnrétti
Heilbrigðisfræðsla þar sem áhersla er á hreysti hvers og eins og mikilvægi þess að stunda heilbrigðan lífsstíl með tilliti til t.d. matarræðis og hreyfingar.	Heilsueflandi skóli
Upplýsingar séu aðgengilegar svo að börnin viti hvert þau geti leitað sér aðstoðar með margvísleg hugðarefni (hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, umsjónarkennari/deildarstjóri).	Heilsueflandi skóli
Djúpavogsskóli verði þátttakandi í að skapa græn svæði til félagslegra samskipta með áhugaverðum og gefandi gróðri (blómstrandi tré/runnar, gróðurreitir fyrir grænmeti og ávexti s.s. berjarunna, kál, kryddplöntur.	Skógræktarfélag Íslands
Vinna markvisst að því að fegra og bæta umhverfi skólans (t.d. með plöntum/listaverkum...) og nemendur séu virkjaðir í því starfi.	Umhverfi
Leggja áherslu á að vinna með og vekja athygli á sérkennum svæðisins (náttúru, sögu, menningu...).	Grenndarnám
Nýta sérstaklega þau náttúrugæði sem svæðið býr yfir - fuglaland, berjaland, strendur... bæði til upplifunar og kennslu til að læra að umgangast fínu, flóru og berg.	Umhverfi

## Cittaslow í Djúpavogsskóla

Hvetja til sjálfstæðrar þátttöku í viðburðum/félagslegum athöfnum (tónleikar, félagsvist, leikritá svæðinu - börn geta t.d. sóst eftir því að taka þátt í ýmsu félagastarfi/námskeiðum.	Smiðjuhelgi foreldrafélags, árhátíð ofl
Grenndarnám sé virkt og eigi sér stað innan sem utan veggja skólans, t.d. heimsæki nemendur sögulega/menningarlega/náttúrulega mikilvæga staði á svæðinu.	Vordagar grenndarnám
Útbúa aðstöðu fyrir lífræna matvælaframleiðslu fyrir nemendur jafnvel í samstarfi við framleiðendur í nærumhverfinu	Sjálfbærni
Opna augu nemenda fyrir verðmætum sem felast í þjóðlegum vinnubrögðum og handverki.	Sjálfbærni
Þjálfun í að vera kurteis við ferðamenn/gesti og láta þeim finnast þeir velkomnir, en þekkja mörkin t.d. ekki þiggja neitt af ókunnugum eða setjast upp í bíl.	Gestrisni
Reglulegt mat verði gert á stöðu innleiðingar Cittaslow af hálfu sveitarfélagsins, starfsmanna skólans og nemenda.	Framvindumat
Skapa samstarf við aðra skóla í Cittaslowbæjum og mynda tengsl starfsmanna og nemenda skólanna til eflingar skólastarfs. Samstarf getur byggst á gagnkvæmum heimsóknum eða notkun netsins og upplýsingatækni.	Cittaslow samstarf
Skapa samstarf við fjölbreyttan atvinnurekstur á svæðinu með heimsóknum nemenda (valtímar, leikskólanemendur í heimsókn á vinnustaði foreldra með samnemendum, kynningar, verklegt).	starfskynning
Búa til vettvang fyrir nemendur að hitta ólíka þjóðfélagshópa, t.d. eldri borgara og nemendur í námi í íslensku sem annað tungumál	Samstarf við bókasafn 60+
Vera vakandi fyrir efni (bókmenntir, ljóð, annað) sem geymir uppbyggilegan boðskap í anda Cittaslow	
Núvitund í skólastarfi – efla aðbúnað og tækifæri nemenda til að iðka núvitund og hugleiðslu	Hugarfrelsi
Skapa aðstæður í skólastarfinu til að auka flæði, minnka árekstra og fjölga gæðastundum	Núvitund